

**Hlíf Sigurjónsdóttir** nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaháskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu hljóðfæraleikurum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníu- hljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, Bandaríkjunum og í Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Í ágúst síðastliðnum kom út tvöfaldur geisladiskur með öllum partítum og sönötum fyrir einleiksfiðlu eftir J. S. Bach í flutningi hennar.

Tónleikar Hlífur á liðnum vetri:

- 19. september 2008 Einleikstónleikar í sóknarkirkjunni í Strib á Fjóni.
- 13. desember 2008 Einleikstónleikar í hallarkirkju Friðriksborgarkastala í Hillerød á Sjálandi.
- 19. desember 2008 Tónleikar með Sebastiano Brusco píanóleikara í kirkju heilagrar Agnesar í Róm.
- 18. apríl 2009 Minningartónleikar í kirkjunni í Burgdorf í Sviss.
- 24. maí 2009 Duo Landon: Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer. Stofutónleikar Listahátíðar í Reykjavík: Frumflutt var „Vorið er komið“ eftir Atla Heimi Sveinsson.
- 30. maí 2009. Duo Landon. Tónleikar á Reyðarfirði á vegum Listahátíðar.

Að loknu námi í Reykjavík, meðal annars hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, hélt **Jónas Tómasson** til framhaldsnáms í Amsterdam 1969-72 hjá þeim Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst. Nú kennir Jónas við Tónlistarskóla Ísafjarðar og hefur hann jafnframt stjórnað ýmsum hljóðfærasveitum og kórum bæjarins. Þessar kringumstæður hafa örvað Jónas til að semja fyrir þá tónlistarmenn og hljóðfæraflokka sem hann starfar með. Eftir hann liggur fjöldi verka og þar eru hljómsveitar-, kammer- og kórverk mest áberandi. Oftast er tónlistin hægferðug, innhverf og mjög frjáls í formi.

*Hlíf Sigurjónsdóttir*

## Tónleikar í Skútustaðakirkju

1. júní 2009 klukkan 14:00

*Efnisskrá*

*Jónas Tómasson samdi Vetrartré fyrir mig vorið 1983, en þá hafði ég kennt tvo vetur á Ísafirði. Síðari veturinn hafði verið með afbrigðum snjóþungur og þegar ég kvaddi Ísafjörð í júní voru enn fannir í garðinum hjá Jónasi og Sigu og var Jónas að hlúa að trjám og saga greinar sem brotnað höfðu undan fargi vetrarins.*

*Björn Ólafsson konsertmeistari taldi partítur og sönötur J.S. Bach vera biblíu fiðluleikarans og hafa þær ætíð verið mér hugleiknar síðan ég lék þær, nemandi hjá Birni. Nýlega lauk ég við að leika þær allar inn á hljómdiska.*

*Fritz Kreisler var einnig í miklu uppáhaldi hjá Birni Ólafssyni. Þetta er eina verkið sem hann samdi fyrir einleiksfiðlu.*

*Jónas Tómasson* Vetrartré  
f. 1946 góð tré  
sorgmædd tré  
óð tré  
þögul...

*Johann Sebastian Bach* Partíta nr. 3 í E dúr BWV 1006  
1685 – 1750 Preludio  
Loure  
Gavotte en Rondeau  
Minuet I  
Minuet II  
Minuet I da capo  
Bourée  
Gigue

*Fritz Kreisler* Recitativo og Scherzo op. 6  
1875 – 1962